

Föstudaginn 24. mars 1995.

Nr. 100/1995.

Erlendur Guðmundsson

(Valgarður Sigurðsson hrl.)

gegn

Helga Ólafssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Kæruheimild. Málskostnaður. Frávísunarkröfu hafnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. mars 1995, sem barst Hæstarétti 22. mars sl. Um kæruheimild er vísað til 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. febrúar sl., þar sem synjað er kröfu sóknaraðila um, að hjólaskófla af tiltekinni gerð verði tekin úr vörslum varnaraðila og sóknaraðila gert að greiða 30.000 krónur í málskostnað auk virðisaukaskatts. Fyrir Hæstarétti gerir sóknaraðili þá kröfu eina, að málskostnaðar-ákvörðun héraðsdómara verði breytt á þann veg, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, þar eð kæruheimild sé ekki fyrir hendi. Til vara krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Kæra sóknaraðila er reist á almennri kæruheimild í lögum nr. 90/1989 og nær því til úrskurðarins í heild sinni, þótt krafa hans fyrir Hæstarétti beinist eingöngu að því að fá málskostnaðarákvæði hins kærða úrskurðar breytt. Ákvæði g-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem varnaraðili vísar til, eiga ekki við í máli þessu. Hagsmunir þeir, sem mál þetta var rekið um í héraði, eru þess eðlis, að skilyrði 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem beitt verður um málskot þetta, teljast vera uppfyllt, sbr. einnig 4. mgr. 150. gr. sömu laga og 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989. Samkvæmt því verður aðalkrafa varnaraðila ekki tekin til greina.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur. Dæma ber sóknaraðila til að greiða kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Erlendur Guðmundsson, greiði varnaraðila, Helga Ólafssyni, 25.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 23. febrúar 1995.

Mál þetta, er þingfest var 6. desember sl., var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 20. febrúar sl. Meðferð þess hafði frestast frá 20. desember til 3. febrúar vegna opinberrar rannsóknar.

Gerðarbeiðandi er Erlendur Guðmundsson, kt. 140749-1359, Arnarhóli, Vestur-Landeyjahreppi.

Gerðarþoli er Helgi Ólafsson, kt. 180165-5259, Hjaltabakka 16, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að hjólaskófla af gerðinni International HOUGH, 3 cy., I.A.V. nr. 102, framleiðandi HOUGH H-70 F., 1965, seríunúmer 21 FC-3020, verði tekin með beinni aðfarargerð úr vörslum gerðarþola og fengin gerðarbeiðanda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola, auk þess sem fjárnám verði heimilað fyrir honum og öllum kostnaði af væntanlegri gerð.

Gerðarþoli krefst þess, að kröfu gerðarbeiðanda verði synjað og hann úrskurðaður til að greiða sér málskostnað.

Gerðarbeiðandi kveðst hafa keypt þessa hjólaskóflu af Jarðefnum hf., áður Ástvaldi og Halldóri sf., og hafi henni verið afsalað til sín 5. september sl. Hann hafi þó fengið vélina afhenta 10. júní sl. Gerðarbeiðandi kveðst hafa gert vélina upp, en hún hafi verið illa farin eftir margra ára hirðuleysi, og notað hana í verkefni fyrir vegagerðina. Hinn 12. nóvember sl. hafi gerðarþoli tekið vélina ófrjálsri hendi, þar sem hún hafi verið í landi Hallgeirseyjarhjáleigu í Austur-Landeyjum, og flutt hana á brott. Hafi hún verið flutt á athafnasvæði Túnþökusölunnar að Sæbólsbraut 29 eða Vesturvör í Kópavogi.

Gerðarbeiðandi kveðst hafa afsal fyrir vélinni frá fyrri eiganda, er hafi sannað eignarrétt sinn og heimild til sölunnar. Gerðarþoli hafi með refsiverðum hætti svipt gerðarbeiðanda vörslum vélarinnar, og sé því nauðsynlegt að krefjast þess að fá hana afhenta með vísan til 78. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

Gerðarþoli heldur því fram, að í maí 1994 hafi hann keypt hjólaskóflu af gerðinni International Payloader úr dánarbúi Finnþoga G. Kjeld, og hafi sonur hans, Þórður, afsalað henni til sín. Vélin hafi staðið árum saman í hirðuleysi á auðri lóð í Kópavogi, og kveðst gerðarþoli hafa heyrt, að til stæði að fjarlægja hana. Hann hafi haft samband við heilbrigðiseftirlitið í Kópavogi, er hafi falið sér að fjarlægja vélina, og hann síðan fengið afsal fyrir henni. Gerðarþoli kveðst hafa frétt, að gerðarbeiðandi væri laginn að gera við gamlar vélar, og sett sig í samband við hann. Hafi orðið að samkomulagi þeirra á milli, að gerðarbeiðandi gerði tilraun til að gera við vélina og fengi í þess stað afnot hennar um sumarið. Með afsali, dagsettu 15. nóvember sl., kveðst gerðarþoli hafa selt vélina Túnþökusölunni, og sé hún nú í vörslum fyrirtækisins.

Gerðarþoli reisir málsvörn sína í fyrsta lagi á því, að hann verði ekki sviptur vörslum vélarinnar, þar eð hann hafi selt hana, og sé hún nú í vörslum kaupandans. Í öðru lagi sé með öllu óljóst, hvort gerðarbeiðandi hafi með lögmatum hætti eignast vélina, sem nú sé eign Túnþökusölunnar, enda liggi engin gögn fyrir, er staðfesti eignarheimild Jarðefna hf. að vélinni. Engin gögn hafi heldur verið lögð fram um það, að um sömu vél sé að ræða og Ástvaldur og Halldór sf. hafi keypt árið 1977.

Niðurstaða.

Það er óumdeilt í málinu, að gerðarþoli hafi 12. nóvember sl. tekið hjólaskóflu í landi Hallgeirseyjarhjáleigu og flutt í húsnæði Túnþökusölunnar sf. að Sæbólsbraut 29 í Kópavogi, þar sem hún er nú. Hér að framan var gerð grein fyrir því, sem aðilar málsins halda fram um eignarrétt að hjólaskóflunni.

Með afsali, dagsettu 15. nóvember sl., seldi gerðarþoli framangreindu fyrirtæki hjólaskófluna, og var hún skráð hjá Vinnueftirliti ríkisins 17. s. m. sem eign þess.

Aðfararbeiðnin er dagsett 21. nóvember sl. Hin umþrætta hjólaskófla var þá ekki í vörslum gerðarþola, heldur umrædds fyrirtækis, er hafði keypt hana af gerðarþola, eins og rakið var. Gerðarbeiðandi hefði því átt að beina kröfum sínum að fyrirtækinu, en ekki gerðarþola. Samkvæmt þessu verður að hafna þeirri kröfu gerðarbeiðanda, að hjólaskóflan verði tekin úr vörslum gerðarþola, og úrskurða gerðarbeiðanda til að greiða gerðarþola 30.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hafnað er kröfu gerðarbeiðanda, Erlends Guðmundssonar, að framangreind hjólaskófla verði tekin úr vörslum gerðarþola, Helga Ólafssonar.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 30.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.
